



## Ákvörðun um fasteignaskatt

### 1.gr.

Ákvörðun þessi er sett sbr. 3.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og skv. reglugerð nr. 1160/2005 um fasteignaskatt.

### 2. gr.

Eftirfarandi fasteignaskattsprósentur gilda fyrir árið 2026

|            |       |
|------------|-------|
| A flokkur: | 0,55% |
| B flokkur: | 1,32% |
| C flokkur: | 1,65% |

### 3.gr.

Gjöld fyrir eignir í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri.

Holræsagjald: 0,25% af fasteignamati húss- og lóðar.

### 4.gr.

Lóðaleiga á eignarlóðum sveitarfélagsins skal vera 1% af fasteignamati þeirra

### 5.gr.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2026 eru eftirfarandi:

- Fasteignagjöld undir 30.000- kr. gjalddagi 1. mars.
- Fasteignagjöld að upphæð 30.001 til 150.000 kr. gjalddagar 1. mars og 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst.
- Fasteignagjöld 150.001 kr. og hærrí, gjalddagar, 1. mars og 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október.

Eindagar fasteignagjalda eru 30 dögum eftir gjalddaga.

### 6.gr.

Ákvörðun þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps, þann 30. október 2025.

  
Einar Kristján Jónsson  
sveitarstjóri

